



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 9. janúar 2025

USK23070148

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 9.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Reitur 1.181.3, Lokastígsreitur 4 - breyting á deiliskipulagi - Njarðargata 61 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. desember 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. nóvember 2024 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 61 við Njarðargötu, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflökks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Einnig tekur sæti með rafrænum hætti Ámundi Brynjólfsson.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi þessa alvarlega máls í Álfabakka þar sem heimildir voru allt of rúmar, mál sem við flest erum í miklu uppnámi yfir, er það mat Flokks fólksins að það er oft sama hvað fólk gerir athugasemdir við, jafnvel sendir inn alvarlega kvörtun um að verið sé að skerða eignir þeirra, birtumagn, aðgengi, þrengja að bílastæðum og svo framvegis, þá er bara bent á gildandi deiliskipulag og þar við látið sitja. Svoleiðis er einmitt í þessu máli, varðandi athugasemdir sem eiga við fyrirbyggjandi erindi að Njarðargötu 61 þá er viðkvæðið að þetta sé í gildandi deiliskipulagi og fyrir þessu séu heimildir. Eitthvað hlýtur að vera hægt að gera í málum af þessu tagi, s.s. bæta í skilmálana. Fulltrúi Flokks fólksins vill að hlustað verði á þá sem fyrir eru á svæðinu, það er óboðlegt að gera breytingar og/eða viðbætur sem draga úr gæðum eigna sem fyrir eru.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík